

8.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 14.september 2023 kl.14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt er util fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Delphine Briois Kjörvogi sem er í símasambandi.

Dagskrá fundarins;

Stóru verkefnin;

1. Ljósleiðari og þrífösun,staðan og samningur um verkið.
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan.

Mál í vinnslu;

- 1.Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018, síðari umræða.
- 2.Framkvæmdaleyfi til Orkubús Vestfjarða vegna lagningar þriggja fasa strengs.
- 3.Hnitsetning jarða í Árneshreppi.
- 4.Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi málstefnu sveitarfélaga.

Stóru verkefnin;

1. Ljósleiðari og þrífösun,staðan og samningur um verkið. Samningurinn hefur verið undirritaður og verktakar eru byrjaðir að vinna. Vonast er eftir því að þrífösun verði lokið til allra notanda frá Melum til Norðurfjarðar fyrir veturinn.
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan. Framkvæmdir við höfnina í Norðurfirði ganga vel og vonast er til þess að sem mest klárast fyrir veturinn. AB sagði frá framvindunni og tilboðum varðandi smíði á handriðum á útsýnispallinn. Farið var yfir teikningar af verkefninu og þær breytingar sem verða gerðar.

Mál í vinnslu;

- 1.Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018, síðari umræða. Hreppsnefnd tók breytingar á samþykktum um stjórn Árneshrepps til síðari umræðu og var hún

samþykkt samhljóða að henni lokinni.

299.

2.Framkvæmdaleyfi til Orkubús Vestfjarða vegna lagningar þriggja fasa strengs. Engar athugasemdir komu fram.

3.Hnitsetning jarða í Árneshreppi. Hreppsnefnd er sammála um að nauðsynlegt sé að hnitsetja jarðir og ákvað að skoða hvernig best sé að vinna að málinu.

4.Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi málstefnu sveitarfélaga. Delphine sagði okkur hvað hún er búin að gera varðandi fjarnám eða námskeið varðandi íslenskukennslu í tilefni af þessu bréfi frá Innviðaráðuneyti.

Önnur mál;

- a) Nefnt var að laga þurfi hurðarnar inn í fiskmóttökuna.
- b) Nefnt aftur væntanlega endurnýjun á Aðalskipulagi sem rennur út 2025.
- c) Eilífa vandamálið með vatnstankinn, búið að tæma hann og ákveðið var að fá ráð frá Ragnari á Munaðarnesi varðandi lagnirnar að og frá tanknum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.